

## **Stjórnarfundur TSÍ, haldinn 4. september 2007.**

**Fundarmenn: Raj, Hafsteinn, Ingólfur, Skjöldur, Gunnar og Jónas.**

- Þriðjudagar henta vel til fundahalda. Hæfilegt að funda á tveggja vikna fresti.
- Mótaröðin er tilbúin. Uppselt er nánast í tennishöllina sem er gleðiefni. Raj vill skoða franska mótakerfið í tennis sem eykur fjölbreytni. Fleiri tækifæri, fleiri spilarar sem hver og einn fær að spila við.

Tekið verði próf sem sýnir færni spilara. Raj vill skoða frekar fyrir okkur hér. Vill hafa á TSÍ mótum sem eru framundan. Hugleiða hvort allir verði saman í einum flokki í næsta móti.

- Bæta við flokki 50 ára og eldri? Hugmynd um að skoða það. Jónas veltir fyrir sér hvort heppilegt sé að fá fleiri flokka inn fyrst? Bíða aðeins með það.

- Afreksfólk / landslið. Gera þarf auknar kröfur til þeirra. Skilyrði til að komast í landslið þurfa að vera skilgreind. Fjöldi móta o.þ.h. Setja upp skipulag. Æfingar, fjöldi leikja, fjöldi móta o.þ.h.

Lágmarksfjöldi móta á ári. Lágmark 8 af 12 mótum á ári, helst 50 leikir á ári.

- Gunnar kom með tillögu um landsliðsæfingar fyrir okkar bestu menn 4-6 spilara sem eru hér heima. Líkt og var í fyrra. Raj ætlar að skoða málið. Þetta yrði aðeins fyrir þá bestu sem eru reiðubúnir til að leggja mikið á sig og hafa framtíðarsýn.

- Nota sér föstudags- og laugardagsæfingar. Ath. Aðrar æfingar. Mikilvægt er að nýta alla tíma vel.

- Kostnaður við ferð Birkis til Belgrad. Samþykkt að TSÍ beri þann kostnað sem ÍSÍ gerir ekki. Þarf að setja reglur um þetta, því að erfitt er að rukka fólk eftirá. Mikilvægt að Raj fái það sem honum ber.

- Styrkur til Arnars. Leita þarf að leita til fyrirtækja. TSÍ hefur ekki unnið mikið í því en málið er heldur ekki aðvelt. Þekkja þarf réttu mennina. Raj og Jónas ætla að taka það að sér.

Gunnar Finnbjörnsson ritari

